



Til: gunnlaugur@egilsstadir.is  
Afrit: arni@alta.is  
Efni: Re: Fw: Kynning á tillögu Davíðsstaðir - 201706094  
Upplýsingar: Sent: 12.03.2018 15:23:17 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018020060, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

Tilvísun í mál: 2018020060

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts, dags. 27. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu á vinnslustigi að breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs. Verið er að breyta landnotkun á Davíðsstöðum, áður Hleinagerði II, úr reit undir frístundabyggð í umfangsminni frístundabyggð (7 ha) og skógrækt / landbúnaðarland. Ekki liggur fyrir tillaga að afmörkun svæða s.s. til skógræktar.

Stór svæði á Úthéraði hafa verið sett á náttúruminjaskrá tvö þeirra eru í nágrenni við umrætt skipulag svæði nr. 649 og 605 (bæði votlendissvæði). Í nýrri úttekt Náttúrufræðistofnunar um Mikilvæg fuglasvæði. Fjölrit 55 er Úthérað eitt mikilvægra fuglasvæða [http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_55.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf). Framangreint skipulagssvæði er innan þess <http://vistgerdakort.ni.is/index.html?extent=650997.2283%2C535216.1332%2C777997.4823%2C604735.543%2C3057>.

Meðfylgjandi tafla, sjá excel skjal, gefur yfirlit yfir þær vistgerðir sem hafa verið greindar á viðkomandi skipulagssvæði. Þar af er mýrlendi áætlað um 138 ha (þar af starungsmýravist 88 ha og runnamýravist 13 ha). Það skal tekið fram að óvissa getur verið í þessum tölum (gert út frá innsendum gögnum) en ljóst þó að votlendi er mikið á þessu svæði í heild og ástæða til að benda á að votlendi hefur almennt hátt verndargildi og nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Þar er fjalldrapamóavist einnig víðáttumikil, um 144 ha. Þessar vistgerðir hafa miðlungs (fjalldrapamóavist) til mjög hátt verndargildi (starungsmýravist og runnamýravist) [http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_54.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf),

Að mati Náttúrufræðistofnunar á ekki að ræsa fram votlendi til skógræktar. Einnig þarf á svæðum sem þessum að skoða vel heildaráhrif þ.m.t. notkun framandi tegunda skógrækt t.d. í stað þess að styrkja þann gróður sem er fyrir.

Náttúrufræðistofnun vinnur að því að tilnefna svæði á B-hluta náttúruminjaskrár þar er Úthérað eitt af þeim svæðum sem er skoðað sérstaklega bæði sem búsvæði fugla og vegna mikilvægra vistgerða.

Almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á:

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri skipulagsvinnu sé skoðað hvernig það samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengi, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Mikilvægt er að skoða áhrif skipulagsins m.t.t. allra framangreindra lagagreina eftir því sem þær eiga við.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í skipulagsvinnu byggi á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúruvar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.



Davidsstaðir sum.xlsx

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)  
212 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is



Frá: Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS  
Dags: 28.02.2018 10:11:18  
Til: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS  
Efni: Fw: Kynning á tillögu Davíðsstaðir - 201706094

----- Forwarded by Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS on 28.02.2018 10:11 -----

From: Gunlaugur Rúnar Sigurðsson <gunlaugur@egilsstadir.is>  
To: "ni@ni.is" <ni@ni.is>  
Cc: Árni Geirsson <arni@alta.is>  
Date: 27.02.2018 19:23  
Subject: Kynning á tillögu Davíðsstaðir - 201706094

Sæl / Sæll

Umhverfis- og Framkvæmdanefnd Fljótaldshéraðs kynnti tillögu að breyting á Aðalskipulagi Fljótaldshérað 2008 - 2028.

Á kynningartíma tillögu barst svo ábending frá Skipulagsstofnun þar sem bent var á leita eftir umsögn til Náttúrufræðistofnunar þar sem skipulagssvæðið sé á eða við svæði sem eru skilgreint sem ?stórt votlendi?. Breyting varðar breytta landnotkun á Davíðsstöðum, áður Hleinagarði II. Þar er í gildandi aðalskipulagi gert ráð fyrir umfangsmikilli frístundabyggð en skv. breytingunni verður þar umfangsminni frístundabyggð og skógrækt. Tillaga er á vinnslustigi, þ.e. mótun tillögunnar er ekki að fullu lokið og óskað er eftir samráði við Náttúrufræðistofnuna um leiðábeinandi skipulagsákvæði til frekar skoðunar á deiliskipulagsstigi. Æskilegt er að umsögn Náttúrufræðistofnunar liggi fyrir eigi síður en 12 mars. nk.

Tillag er í meðfylgjandi viðhengi.

Kynning þessi og önnur málsmeðferð er í samræmi við 30. gr. og 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Kveðja

**Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson**  
**Skipulags- og byggingarfulltrúi**  
**Fljótsdalshérað**  
**Lyngás 12**  
**700 Egilsstaðir**

-----

**Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur, ásamt viðhengi, gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál og eru eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Efni hans og innihald er á ábyrgð þess starfsmanns sem sendir hann ef það tengist ekki starfsemi Sveitarfélagsins Fljótsdalshéraðs. Ef sending þessi hefur ranglega borist yður vinsamlega gætið fyllsta trúnaðar, tilkynnið sendanda og eyðileggið sendinguna eins og skylt er skv. 5. Mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar.**

**Please note that this e-mail and its attachments is intended for the exclusive use of the person or entity to which it is addressed. Any review, disclosure, dissemination or other use of, or taking of any action in reliance upon, this information by others than the intended recipient is prohibited by law. If you are not the intended recipient, please notify the sender and delete the message.**